Umsögn

Samtök iðnaðarins

Menningar-, nýsköpunar- og
háskólaráðuneyti
Reykjastræti 8
101 Reykjavík
sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 13. október 2026

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu (tekjuöflun Ríkisútvarpsins o.fl.)

Samtök iðnaðarins (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu (tekjuöflun Ríkisútvarpsins o.fl.), mál s-174/2026 sem birt var í samráðsgátt 25. september sl.

Samtökin styðja markmið frumvarpsins um að draga úr umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla. Sterkir og fjölbreyttir einkareknir fjölmiðlar eru mikilvægir fyrir lýðræðislega umræðu og íslenska menningu.

Að mati samtakanna gengur fyrirliggjandi útfærsla þó of skammt. Frádráttur sem nemur 10% af auglýsingatekjum RÚV og verðbætt tekjuþak upp á 2.800 milljónir króna eru ekki líkleg til að draga verulega úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði. Endurskoða þarf hlutfall skerðingarinnar til hækkunar, meðal annars með hliðsjón af því 12% hlutfalli sem áður var kynnt í aðgerðaráætlun stjórnvalda, og útfæra þakið þannig að það hafi raunveruleg áhrif.

Þá þarf að vera skýrt að fjármunir sem ekki renna til RÚV vegna breytinganna verði nýttir til að styrkja rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla. Orðalag um að fjárframlög til einkarekinna fjölmiðla skuli einungis „taka mið af" skerðingunni tryggir ekki nægjanlegan fyrirsjáanleika.

Samtökin gera ekki athugasemd við að RÚV fái svigrúm til hagræðingar og fækkunar rása. Breytingin má þó hvorki leiða til aukinna umsvifa stofunarinnar né útvíkkunar starfseminnar á nýjum mörkuðum.

Frumvarpið er skref í rétta átt, en stíga þarf stærra skref eigi það að ná yfirlýstu markmiði sínu um að draga úr samkeppnislegri skekkju og bæta stöðu einkarekinna fjölmiðla. Þá styðja samtökin jafnframt meginathugasemdir Árvakurs og Sýnar.

f.h. Samtaka iðnaðarins

Gunnar Sigurðarson,
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins